

Ár 2012, þriðjudaginn 26. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breytingu á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Samkvæmt 8. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, sbr. 9. gr. laga nr. 87/2009, ákveður kjararáð laun og starfskjör framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 23. maí 2011 frá framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs þar sem hann óskar eftir endurskoðun launakjara. Kom hann á fund kjararáðs hinn 7. júní 2011 og gerði nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum. Í kjölfarið sendi framkvæmdastjórinn kjararáði bréf dagsett 15. ágúst 2011. Með bréfinu fylgdi greinargerð þar sem gerð er frekari grein fyrir sjónarmiðum framkvæmdastjórans.

Í greinargerðinni er rakinn aðdragandi ákvörðunar kjararáðs frá 23. febrúar 2010 um launakjör framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs, en með þeirri ákvörðun hafi laun framkvæmdastjóra lækkað. Að mati framkvæmdastjórans hafi kjararáð ekki gætt innbyrðis samræmis við ákvörðun launa hans, miðað við laun framkvæmdastjóra sambærilegra stofnana með áþekka ábyrgð. Ekki standist skoðun að hafa hliðsjón af mánaðarlaunum ríkisskattstjóra og hagstofustjóra við ákvörðun launakjara framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs. Starfsemi Íbúðalánasjóðs byggir á lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál. Samkvæmt lögum sé meginstarfsemi sjóðsins útlán til fasteignakaupa og hafi sjóðurinn veitt um 65% af útistandandi fasteignalánnum vegna íbúðarhúsnæðis á Íslandi, en eigi 72% af öllum fasteignaveðlánnum eftir kaup á lánasöfnum fallinna banka. Meginstarfsemi sjóðsins sé fjármála-starfsemi og því eðlislega sambærileg starfsemi fjármálafyrirtækja sem starfi á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Íbúðalánasjóður sé stærsti lánveitandi á Íslandi og stærsta fjármálafyrirtæki í heildareignum talið á eftir Seðlabanka Íslands og Landsbankanum hf. Fram kemur að Íbúðalánasjóður lúti eftirliti Fjármálaeftirlitsins sem feli í sér að mun meiri kröfur séu gerðar til stjórnenda. Regluverk sé flóknara en gerist hjá flestum ríkisstofnunum og atvinnufyrirtækjum. Sem dæmi megi nefna mjög ítarlega reglubundna skýrslugjöf. Einnig þurfi framkvæmdastjóri að undirgangast hæfnismat samkvæmt lögum nr. 87/1988. Standist framkvæmdastjóri ekki hæfisskilyrði þeirra sérlaga geti Fjármálaeftirlitið krafist þess að hann láti af störfum. Segir jafnframt í bréfinu að ábyrgð framkvæmdastjóra á starfseminni sé ríkari en almennt gerist í öðrum rekstri. Íbúðalánasjóður sé útgefandi skuldabréfa í kauphöll og þurfi lánshæfismat frá alþjóðlegu fyrirtæki. Í greinargerðinni er gerð grein fyrir stærð sjóðsins í samanburði við aðrar stofnanir t.d. hvað varðar eignir, lánasöfn og útgáfu verðbréfa. Má þar nefna Seðlabanka Íslands, Landsbankann hf. og Landsvirkjun. Telur framkvæmdastjórinn eðlilegt að horfa til launa forstöðumanna þeirra stofnana við ákvörðun launa framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs.

Í greinargerðinni eru einnig raktar breytingar í rekstri sjóðsins í kjölfar efnahagshrunsins. Þannig hafi sjóðurinn eignast um 1400 fasteignir á árunum 2008-2011 og áætlanir geri ráð fyrir að þær verði nærri 2000 fyrir lok árs 2011. Í ágúst 2011 hafi rúmlega 600 þessara eigna verið í útleigu, en aðrar hafi verið á ýmsum byggingarstigum eða staðið tómar. Áætlanir geri ráð fyrir fjölgun eigna í útleigu og sé horft til þess að stofna dótturfélag um fasteignir til

útleigu. Muni það leigufélag verða annað stærsta íbúðaleigufélag landsins á eftir Félagsbústöðum hf. í Reykjavík. Þá sé sjóðurinn með um helming viðskiptavina sinna í einhverjum úrræðum vegna skuldavanda. Þar sem starfsemi Íbúðalánasjóðs sé á sviði fjármálastarfsemi sé sjóðurinn óhjákvæmilega í samkeppni við önnur fjármálafyrirtæki um sérhæft og vel menntað starfsfólk.

Með bréfum dagsettu 29. ágúst 2011 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti, velferðarráðuneyti og stjórn Íbúðalánasjóðs kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis framkvæmdastjórans, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í bréfi stjórnar Íbúðalánasjóðs dagsettu 9. september 2011 er tekið undir sjónarmið framkvæmdastjórans. Starfsemi Íbúðalánasjóðs sé um margt áþekkt starfsemi fjármálafyrirtækja á hinum almenna markaði og eigi sjóðurinn í beinni samkeppni við þau fyrirtæki, bæði í lánveitingum og skuldabréfaútgáfu, en ekki síður um hæft starfsfólk. Laun framkvæmdastjórans þurfi því að vera samkeppnishæf og ekki einungis sambærileg við aðrar áþekkar ríkisstofnanir, heldur þurfi einnig að horfa til hins almenna markaðar. Starfsemi sjóðsins og umsvif á markaði séu mun líkari því sem viðgangist í stofnunum á borð við Seðlabanka Íslands og Landsvirkjun en Hagstofu Íslands og ríkisskattstjóra eins og nú sé miðað við. Þá sé skuldabréfaútgáfa Íbúðalánasjóðs umfangsmeiri en skuldabréfaútgáfa Landsvirkjunar. Fram kemur í bréfinu að í kjölfar efnahagsþrenginga undanfarin ár hafi starfsemi sjóðsins breyst og álag aukist vegna nýrra verkefna eins og fram komi í greinargerð framkvæmdastjórans. Að lokum segir í bréfi stjórnarinnar að betur færi á að launaákvörðun framkvæmdastjóra væri í höndum stjórnar þar sem hún sé best fallin til þess að meta störf hans hverju sinni.

Í svari velferðarráðuneytisins dagsettu 21. september 2011 segir að ráðuneytið telji mikilvægt að framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs njóti sambærilegra launa og aðrir forstöðumenn sem undir kjararáð heyra að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar sem störfunum fylgi.

Fjármálaráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 23. september 2011. Þar segir að ljóst sé að frá þeim tíma er kjararáð tók ákvörðun um laun framkvæmdastjórans þann 23. febrúar 2010 hafi álag á daglega starfsemi Íbúðalánasjóðs aukist í kjölfar efnahagshrunsins, að minnsta kosti tímabundið, svo sem meðal annars komi fram í greinargerð framkvæmdastjórans.

Með bréfi dagsettu 31. október 2011 fékk framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs send svör ráðuneytanna og stjórnar sjóðsins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra.

Með bréfi framkvæmdastjórans dagsettu 3. nóvember 2011 voru fyrri sjónarmið um endurskoðun launakjara ítrekuð.

III.

Íbúðalánasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál. Tilgangur laganna er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks á að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Íbúðalánasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins, er lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir ráðherra. Sjóðurinn lánar til íbúðakaupa, nýbygginga eða endurbóta húsnæðis. Ráðherra skipar Íbúðalánasjóði fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra til fimm ára í senn. Framkvæmdastjórinn ræður annað starfsfólk og annast daglegan rekstur skrifstofu sjóðsins, fjárreiður og reikningsskil. Hann framfylgir ákvörðunum stjórnar Íbúðalánasjóðs. Verkefni sjóðsins eru meðal annars að annast lánveitingar, koma á framfæri

almennum upplýsingum um hlutverk og þjónustu Íbúðalánasjóðs, stuðla að tækninýjungum og öðrum umbótum í byggingariðnaði, leigja eða fela öðrum með samningi að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið á nauðungaruppboði, fylgjast með íbúðapörf í landinu og sinna öðrum verkefnum sem ráðherra felur sjóðnum.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þessara félaga. Að auki var einstökum lögum sem varða allmargar stofnanir og opinber hlutafélög breytt til þess að fela kjararáði að ákveða laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra þeirra, þar á meðal framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs. Jafnframt var svo kveðið á í lögnum, að kjararáð skyldi við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra, eins og kjararáð hefði ákveðið þau.

Hinn 23. febrúar 2010 ákvað kjararáð almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með áður nefndum lögum bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Þar sagði meðal annars að til þess að ná markmiði laga nr. 87/2009 um að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en laun forsætisráðherra og til þess að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega, væri óhjákvæmilegt við ákvörðun launa þeirra sem úrskurðurinn næði til að víkja frá þeirri stefnu kjararáðs að draga úr vægi eininga eins og áður hefði verið stefnt að. Tímabundið ósamræmi myndi því hljóta á milli sumra þeirra sem hefðu heyrt undir kjararáð og þeirra sem við bættust.

Kjararáð ákvað framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs laun sama dag og hafði meðal annars hliðsjón af mánaðarlaunum ríkisskattstjóra og Hagstofustjóra við ákvörðun mánaðarlauna, þ.e. fastra launa fyrir dagvinnu. Við ákvörðun eininga var gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun framkvæmdastjórans lækkuðu óhóflega. Fram kom að ákvörðunin gildi fyrir þann sem þá gegndi starfi framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs.

Með ákvörðun kjararáðs frá 21. desember 2011 ákvað kjararáð breytingu á launum þeirra sem undir kjararáð heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með áður nefndum lögum nr. 87/2009. Með ákvörðuninni var launum breytt þannig að þau færu sem næst því að verða eins og þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Þetta var gert þannig að í flestum tilvikum fjölgaði mánaðarlegum einingum og einingaverð hækkaði. Eining er nú 1% af launaflokki 502-132 í stað 502-126 áður hjá þessum hópi. Þannig dró úr því innbyrðis ósamræmi sem hlaust milli þeirra sem heyrðu undir kjararáð fyrir gildistöku laga nr. 87/2009 og þeirra sem við bættust samkvæmt lögnum.

Þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi og umsvifum Íbúðalánasjóðs gefa tilefni til breytinga á launum framkvæmdastjórans. Við ákvörðun launakjara hefur meðal annars verið

höfð hliðsjón af launakjörum forstöðumanna annarra fjármála- og lánastofnana, svo sem framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna, bankastjóra Landsbankans hf. og forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

Jafnframt hækkar einingaverð og verður hið sama og hjá öðrum sem undir kjararáð heyra. Um leið fækkar mánaðarlegum einingum að sama skapi.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júní 2011 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs vera samkvæmt launaflokki 502-139, krónur 817.856 frá 1. júní 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 846.481 frá 1. mars 2012.

Frá 1. júní til 30. september 2011 skal að auki greiða framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs 46 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Á sama tíma er eining 1% af launaflokki 502-126, eða 5.306 krónur.

Frá og með 1. október 2011 skal greiða framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs 38 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Frá sama tíma er eining 1% af launaflokki 502-132, krónur 6.473 frá 1. október 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 6.700 frá 1. mars 2012.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Kjósi framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs að halda bifreiðahlunnindum sínum skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé iðgjald launagreiðanda í séreignasjóð meira en 2% af launum skulu heildarlaun sem hér eru ákveðin lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur.

Sé kostnaður við fastlínusíma á heimili framkvæmdastjórans greiddur af launagreiðanda skal sú greiðsla dragast frá þeim heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjóra Íbúðalánasjóðs gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson